

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2018, miðvikudaginn 3. október var haldinn 396. fundur stjórnar SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 3.10.2018, kl.07:30. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður. Mætt: Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Endurskoðunarnefnd stjórnar SORPU bs.
Lagt fram samkomulag stjórnar SORPU bs. við endurskoðunarnefnd Reykjavíkur um hlutverk nefndarinnar gagnvart stjórn SORPU bs. Málið rætt. Stjórn felur formanni og varaformanni að óska eftir fundi með nefndinni og ræða fyrirkomulag.
2. Samningur við SOS um móttöku úrgangs af Suðurlandi.
Fyrir liggur erindi stjórnar SOS um framlengingu á samningi um móttöku úrgangs af Suðurlandi til urðunar en málið var tekið fyrir á fundi eigenda þann 1. október 2018. Málið rætt. Stjórn bókar eftirfarandi:
„Stjórn lýsir verulegum vonbrigðum með að stjórn SOS hefur ekki náð fram ásættanlegri niðurstöðu um urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Suðurlandi sem þjónað getur hagsmunum bæði SOS og SORPU. Samningur SOS og SORPU hefur nú verið framlengdur 18 sinnum frá því samningur var fyrst undirritaður árið 2009 og átti í upphafi að gilda til ársins 2012 meðan SOS gæfist ráðrúm til að vinna úr málum urðunarstaðar. SORPA bs. hefur það hlutverk að annast lögbundnar skyldur aðildarsveitarfélaganna sem settar eru í lögum 55/2003 um móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs innan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Sú skylda nær ekki til meðhöndlunar eða förgunar úrgangs úr sveitarfélögum utan starfssvæðis SORPU bs.
Þjónusta SORPU bs. við SOS frá árinu 2009 hefur því byggst á viðskiptalegum forsendum og í trausti þess að unnið væri að lausn á sameiginlegum hagsmunum beggja samlaganna.
Með vísan til bókunar á eigendafundi SORPU þann 1. október sl., þá felur stjórn framkvæmdastjóra að gera nýjan þjónustusamning við SOS til 2 mánaða, og jafnframt verði gjaldskrá vegna þjónustu við SOS endurskoðuð, sem og önnur ákvæði um og skilgreiningar á þjónustunni.“
3. Rekstraráætlun 2019 – 2023.
Drög að rekstraráætlun var kynnt á eigendafundi þann 1. okt. sl. Á eigendafundi komu fram ýmsar hugmyndir um rekstur endurvinnslustöðvanna. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að útfæra hugmyndir um breytingar í innheimtu gjalda og fyrirkomulagi á endurvinnslustöðvunum og undirbúa nýja rekstraráætlun þar sem tekið er tillit til hugmynda að breytingum. Ný áætlun verði lögð fyrir næsta eigendafund.
4. Næsti fundur
Næsti fundur ákveðinn 17. október kl. 07:30.

**Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið klukkan: 09:15**

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir